Ingunn Hreinberg Indriðadóttir
og Þórhallur Eyþórsson

„Að slepptu tjillinu“

Sjálfstæður forsetningarliður með lýsingarhætti

1 Inngangur

Í íslensku nútímamáli kemur fyrir setningagerð þar sem forsetningin *að* stýrir nafnlið í þágufalli og lýsingarhætti nútíðar eða þátíðar. Við köllum þetta fyrirbæri sjálfstæðan forsetningarlið með lýsingarhætti (skammstafað SFL)[1]. Við sýnum fram á að til eru tvær aðaltegundir þessarar setningagerðar, hér eftir nefndar Tegund 1 og Tegund 2. Tegund 1 er með lýsingarhætti nútíðar (1a) og Tegund 2, sem samanstendur af tveim undirtegundum, 2a og 2b, er með lýsingarhætti þátíðar (1b, c).

(1) a. Tegund 1: *að öllum sjáandi* ‘á meðan allir sjá/sáu’.

[1] Við þökkum ritstjórum og tveim nafnlausum yfirlesurum *Orðs og tungu* kærlega fyrir gagnlegar ábendingar sem og áheyrendum á ýmsum ráðstefnum og málþingum þar sem efni þessarar greinar hefur verið kynnt. Sérstakar þakkir fær Einar Freyr Sigurðsson fyrir skarplegar athugasemdir, einkum um kafla 3.5. Dæmin sem notuð eru í greininni eru flest raundæmi sem höfundar söfnuðu með leit í ýmsum vefmiðlum. Dæmum um SFL í fornu máli var einnig handsafnað úr fornritum. Dæmi sem enga tilvísun hafa sömdu höfundar sjálfir út frá sambærilegum raundæmum og eigin máltilfinningu nema annað sé tekið fram. Í dæmunum í þessari grein er SFL oftast hafður innan hornklofa.

Orð og tunga 26 (2024), 1–27, https://doi.org/10.33112/ordogtunga.26.2
© höfundar CC BY-NC-SA 4.0.

b. Tegund 2a: *að viku liðinni* ‘þegar vika er/var liðin, eftir viku’.
c. Tegund 2b: *að athuguðu máli* ‘þegar málið hefur/hafði verið athugað’.

SFL er sjálfur hlutlaus með tilliti til tíðar, eins og víxlin milli nútíðar og þátíðar í umorðun dæmanna í (1) gefa til kynna; tíðasamband (e. *temporal relation*) verknaðanna/atburðanna tveggja ræðst af tíð sagnar í móðursetningu og endurspeglar horf (e. *aspect*) SFL gagnvart móðursetningunni, eins og nánar verður rætt í kafla 3.6.

Í nútímaíslensku virðist nafnliðurinn yfirleitt vera í þágufalli (raunar eru fáein dæmi um þolfall á eldri nútímaíslensku eins og síðar er nefnt) eins og í dæmunum í (1), en í fornnorrænu kemur þolfall einnig fyrir með lýsingarhætti þátíðar, eins og í (2), en ekki með lýsingarhætti nútíðar (Þórhallur Eyþórsson 1995:161).

(2) myndi-g-a ek lostig [at liðinn fylki] jǫfr ókunnan armi verja.
‘Ég myndi ekki viljug vefja ókunnan konung örmum eftir að konungur (minn) er dauður.’ (Helga kviða Hjörvarðssonar 42)

Lýsingarháttur þátíðar sýnir fullt samræmi í falli, tölu og kyni við nafnlið í fornmáli og nútímaíslensku, sbr. dæmi (1b,c) og (2). Lýsingarháttur nútíðar er hins vegar ekki beygður í nútímaíslensku, t.d. *vitandi* sem er eins í öllum föllum (3a) en sýnir samræmi í fornnorrænu, með aðgreiningu í karlkyni eintölu andspænis aukaföllum, t.d. fnorr. *lifandi* (nf.et.) / *lifanda* (aukafall et.) (3b). Sjálfstæðu forsetningarliðirnir í þessum dæmum merkja ‘að því er ég veit’ (3a) og ‘á meðan ég lifi’ (3b).

(3) a. Ég notaði brioche brauð í þessi frönsku eggjabrauð.
Slíkt er ekki til á Íslandi [að mér vitandi].
b. ... mun ek þetta nafn eigi upp gefa [at mér lifanda].
(Heimskringla 73 (ONP))

Málfræðihlutverk nafnliðarins í SFL samsvarar frumlagi í setningum með sögn í persónuhætti, ýmist frumlagi í germyndarsetningum (Tegund 1 og Tegund 2a) eða þolmyndarsetningum þar sem frumlagið er þá „undirliggjandi“ andlag (Tegund 2b). Dæmi um setningar með sögn í persónuhætti sem samsvara SFL-setningunum í (5) eru sýnd í (4).

(4) a. Allir sjá þetta
b. Vikan líður.
c. Mál var athugað (sbr. germynd: Einhver athugaði mál).

Vegna samsvörunar nafnliðanna við frumlög í setningum með persónubeygðri sögn köllum við nafnliðinn í SFL frumlag en eðli nafnliðarins hefur ekki verið greint með afgerandi hætti áður. Eitt af meginmarkmiðum greinarinnar er að prófa frumlagseðli nafnliðarins eins og lýst verður í kafla 3.5 þar sem við könnum hvort unnt sé að sýna fram á með sjálfstæðum hætti, þ.e. með frumlagsprófum og greiningu á sambandi nafnliðarins við lýsingarháttinn, hvort viðkomandi aukafallsliðir í SFL séu í raun frumlög. Áður, í kafla 3.4, sýnum við að orðaröðin í SFL er ýmist sögn–nafnliður eða nafnliður–sögn; síðari orðaröðin virðist skyldubundin ef nafnliðurinn er fornafn, t.d. *að honum liðnum* (en ekki **að liðnum honum*) ‘þegar hann er dáinn’, sem kann að styðja þá túlkun að nafnliðurinn sé frumlag.

Setningafræðilega gegnir SFL hlutverki atviksaukasetningar, nánar tiltekið tíðaraukasetningar, eins og gefið er til kynna með umorðuninni ‘á meðan, þegar, eftir að’ í dæmunum í (5).

(5) a. Bjarni rændi bankann [að öllum sjáandi].
‘Bjarni rændi bankann á meðan allir sáu.’
b. Komdu aftur [að viku liðinni].
‘Komdu aftur þegar vikan er liðin.’
c. Við tökum ákvörðun [að athuguðu máli].
‘Við tökum ákvörðun eftir að málið hefur verið athugað.’

Við ítrekum það sem nefnt var að framan að tíð setningarliðarins ræðst af horfasambandi hans gagnvart móðursetningu (sjá kafla 3.6).

SFL hefur aldrei verið mjög algeng setningagerð í íslensku en kemur þó fyrir þegar í fornnorrænu og hefur verið til í málinu allt til þessa dags, eins og nánar verður vikið að í 2. kafla (sbr. umfjöllun hjá Þórhalli Eyþórssyni 1995:156–163, 1997, Þórhalli Eyþórssyni og Ingunni Hreinberg Indriðadóttur 2018 og Ingunni Hreinberg Indriðadóttur og Þórhalli Eyþórssyni 2024). Stuttlega er fjallað um fyrirbærið í norrænni setningafræði Nygaards (1905, sjá einnig Jakob Jóh. Smára 1920) en að öðru leyti hefur það ekki fengið mikla athygli í skrifum um íslenska og norræna setningafræði. Ekkert er minnst á þessa setningagerð hjá Faarlund (2004) og setningafræðihandbækur

Höskuldar Þráinssonar (2005, 2007) þegja líka þunnu hljóði um hana.

Í þessari grein setjum við fram greiningu á SFL í nútímaíslensku sem smásetningu (e. *small clause*). Þá skoðum við virkni og notkunarsvið SFL í íslensku nútímamáli, þ.e.a.s. hvort hann lifi aðeins í föstum orðasamböndum við formlegar málaðstæður eða hvort hann sé virk setningagerð sem er einnig notuð í óformlegu máli. Spurningarnar sem reynt verður að svara í greininni má draga saman með eftirfarandi hætti:

- Hvert er eðli og hlutverk SFL í íslensku?
- Hvert er notkunarsvið SFL? Er eingöngu hægt að nota hann við formlegar málaðstæður eða finnst hann líka í óformlegu málsniði? Er hann bundinn við föst orðasambönd eða er hægt að mynda nýja sjálfstæða forsetningarliði?

Höfundar gerðu ítarlega leit að dæmum um SFL í nútímaíslensku í ýmsum vefmiðlum. Markmiðið með þeirri leit var að fá tilfinningu fyrir virkni og notkunarsviði SFL í nútímaíslensku. Leitin var að mestu gerð sumarið 2016 en dæmum hefur verið bætt við reglulega síðan þá. Til þess að fá betri yfirsýn yfir setningagerðina og kortleggja notkun og dreifingu hennar er þó nauðsynlegt að ráðast í töluvert umfangsmeiri rannsókn sem höfundar eru byrjaðir að vinna að (sjá Ingunni Hreinberg Indriðadóttur og Þórhall Eyþórsson 2024).

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að SFL lifir góðu lífi í íslensku nútímamáli, þótt hann sé vissulega fremur sjaldgæfur eins og hann virðist líka hafa verið til forna. Að vísu er Tegund 1 af SFL, með lýsingarhætti nútíðar, mjög takmörkuð enda bundin við frekar fáar áhrifslausar sagnir og áhrifssagnir sem notaðar eru áhrifslausar, eins og fjallað er um í kafla 3.1. Aftur á móti er Tegund 2 algengari, bæði 2a með germynd og 2b með þolmynd. Niðurstöðurnar sýna að notkunarsvið SFL er að mestu bundið við formlegt málsnið en er þó engan veginn óþekkt í óformlegu máli (sjá dæmi í 3.3). Setningagerðin er enn að einhverju leyti virk, a.m.k. Tegund 2b, þrátt fyrir að flest dæmi um hana séu bundin við föst orðasambönd.

Í 3. kafla skoðum við eðli og hlutverk SFL og færum ýmis rök fyrir skilgreiningu okkar á setningagerðinni sem smásetningu (3.5). Við sýnum fram á að í SFL úthlutar forsetningin *að* falli til nafnliðarins og lýsingarháttarins og hún er því ekki tíðaraukatenging. Engu að síður gegnir SFL hlutverki tíðaraukasetningar en er hlutlaus með tilliti til tíðar og við leggjum til að það sé vegna þess að hana skorti

tíðarþátt. Niðurstöður okkar um þetta atriði sýna að horf (e. *aspect*) tengir verknaðina í SFL og móðursetningu, eins og vikið verður að sérstaklega í kafla 3.6.

Skipulag greinarinnar er sem hér segir: Í 2. kafla gefum við stutt sögulegt yfirlit yfir SFL í fornnorrænu og hvernig hann er frábrugðinn setningagerðinni í nútímaíslensku. Auk þess segjum við frá hliðstæðum setningagerðum í nokkrum skyldum tungumálum, bæði innan og utan germönsku. Í 3. kafla setjum við fram ítarlega lýsingu og greiningu á SFL í nútímaíslensku. Þar er fjallað um tegundir setningagerðarinnar, notkunarsvið hennar, virkni og setningafræðileg einkenni. Við færum rök fyrir skilgreiningu okkar á setningagerðinni sem smásetningu með tilstyrk frumlagsprófa og sýnum fram á sagnfyllingarsamband nafnliðarins og lýsingarháttarins (3.5). Loks fjöllum við um eiginleika SFL með tilliti til tíðar og horfs (3.6). Í 4. kafla eru niðurstöður teknar saman og fáeinar almennar ályktanir dregnar af þeim.

2 Þróun og greining SFL

Í þessum kafla förum við stuttlega yfir sögu sjálfstæðs forsetningarliðar með lýsingarhætti (SFL) í fornnorrænu og segjum frá því hvernig hann er frábrugðinn setningagerðinni í nútímaíslensku. Auk þess fjöllum við um sambærilegar setningagerðir í nokkrum skyldum tungumálum, bæði innan og utan germönsku málafjölskyldunnar.

2.1 Fornnorræna

Tegundir 1 og 2 af SFL koma fyrir í fornnorrænu (fornvesturnorrænu), þ.e. fornískensku og fornnorsku. Aðeins eru heimildir um lýsingarhátt nútíðar með þágufallsnafnlið, en lýsingarháttur þátíðar kemur fyrir bæði með þolfalls- og þágufallsnafnliðum. Forsetningin *at* í fornnorrænu er sama orð og *að* í nútímaíslensku.[2] Eins og fram hefur komið sýnir lýsingarháttur nútíðar mismunandi beygingarendingar í nefnifalli eintölu andspænis aukaföllum í karlkyni eintölu, t.d. nf.et. *komandi vetr* en þgf.et. *komanda vetri* í (6c). Nokkur dæmi eru sýnd hér á eftir (tekin frá Nygaard 1896:157–161, 1905:128, 241, 250; sjá einnig Þórhall Eyþórsson 1995:156–163, 1997).

[2] Auk forsetningarinnar *að* koma aðrar forsetningar fyrir í SFL, t.d. *eftir*, *með*, *af*, *á* og *í* (Nygaard 1896:160–161, 1905:250, Jakob Jóh. Smári 1920:165, 171).

(6) a. [at upprennandi sólu]
'þegar sól er/var að renna upp' (Hárbarðsljóð 58)
b. [at uppvesandi sólu]
'á meðan sól er/var á lofti' (Gulaþingslög 266)
c. [at komanda vetri]
'næsta vetur' (Konungsskuggsjá 9)
d. [at mér lifanda]
'á meðan ég lifi' (Prøver 197)
e. Ef maðr er veginn í öldrhúsi [at brennanda eldi] eða í dags ljósi.
'á meðan eldur brennur' (Gulaþingslög 157)

Lýsingarháttur þátíðar sýnir samræmi við meðfylgjandi nafnlið í falli, tölu og kyni. Í dæmunum hér fyrir aftan (Nygaard 1905:128, Þórhallur Eyþórsson 1995:161) er samræmi við þágufall í kvenkyni eintölu annars vegar (7a) og karlkyni fleirtölu hins vegar (7b).

(7) a. [at upprunninni sólu]
'þegar sól er komin á loft' (Hómilíubók 82)
b. Nú er maðr veginn í öldrhúsi [at slokknum eldum].
'eftir að eldar eru slokknaðir.' (Gulaþingslög 157)

Þar að auki var SFL með þágufalli og lýsingarhætti þátíðar algengur að fornu í föstum orðasamböndum, t.d. *at svá göru* 'þegar svo hafði verið gert, eftir það', *at svá búnu* 'þegar þetta hafði orðið, eftir það', *at svá mæltu* 'þegar svo hafði verið mælt'. Þessi orðatiltæki finnast enn í nútímaíslensku, að minnsta kosti tvö þau síðastnefndu (*að svo búnu*, *að svo mæltu*), en þau koma þó helst fyrir við býsna formlegar málaðstæður, aðallega í ritmáli. Í slíkum dæmum er iðulega enginn nafnliður og þá stendur atviksorð (*svo*) í hans stað. Í sumum tilvikum virðist vera frjálst val á milli þess að hafa nafnlið með eða atviksorð (*að því búnu/mæltu – að svo búnu/mæltu*). Þetta er skiljanlegt í ljósi þess að þessar setningagerðir samsvara þolmyndarsetningum sem geta ýmist komið fyrir með frumlagsnafnlið eða með ósögðu frumlagi, t.d. *Það* (þ.e. *eitthvað*) *er mælt – Svo er mælt*. Þannig kann ósagður nafnliður í SFL sem er líklega frumlag að styðja frumlagstúlkun nafnliðarins í SFL enn frekar (sjá kafla 3.5).

Dæmi um SFL með lýsingarhætti þátíðar sem samræmist nafnlið í þolfalli virðast vera mjög sjaldgæf, jafnvel í fornnorrænu þar sem

aðeins örfá dæmi um þolfall koma fyrir í eddukvæðum. Dæmi úr fornmáli um þessa setningagerð var sýnt í (2b); tvö önnur er að finna í (8) (Þórhallur Eyþórsson 1995:161).

(8) Gef ek þér, Guðrún, / gull at þiggja, / fjölð alls féar, / [at þinn föður dauðan], hringa rauða, / Hlöðvés sali, / ársal allan / [at jöfur fallinn].
'Ég gef þér, Guðrún, að þiggja gull, fjölda alls fjár, eftir að faðir þinn er dauður; rauða hringa, sali Hlöðvés, allan ársal, eftir að konungur er fallinn.' (Guðrúnarkviða II 25)

Nýleg rannsókn á sögulegri þróun SFL hefur leitt í ljós dæmi með þolfalli allt fram á 19. öld sem þýðir að þessi setningagerð hefur lifað talsvert lengur í málinu en áður var talið, en dæmin eru þó ekki ýkja mörg (Ingunn Hreinberg Indriðadóttir og Þórhallur Eyþórsson 2024). Höfundar hafa ekki fundið dæmi um SFL með þolfalli í íslensku samtímamáli en áhugavert væri að kanna það nánar.

Hugsanlegt er að þágufallið hafi bolað þolfallinu burt snemma vegna þess að þágufallið var með einhverju móti „sjálfgefið" (e. *default*) aukafall í sjálfstæðum setningagerðum. Þessi þróun kann að hafa orðið undir áhrifum af „lærðum stíl" í fornnorrænu (Nygaard 1896, 1905:128, 240, 250; sjá einnig Þorleif Hauksson og Þóri Óskarsson 1994:203, 232, 363), sem kynni að benda til þess að alhæfing þágufallsins hafi, að minnsta kosti óbeint, átt rót að rekja til þýðinga úr latínu. Rökin fyrir þessari skoðun á áhrifum af lærðum stíl eru meðal annars þau að setningagerðina er að finna í textum sem eru að öllum líkindum ekki sprottnir úr norrænni bókmenntahefð heldur eru fremur undir áhrifum erlendra, einkum latneskra, lærdómsrita sem fjalla t.d. um trúarleg og fræðileg efni (Nygaard 1905:238).

(9) [at týjanda guði]
'þegar guð hjálpar' (Hómilíubók 55, 13)

Hugmyndin væri þá að setningagerðin hafi á einhvern hátt orðið til fyrir áhrif sjálfstæðs sviptifallsliðar (lat. *ablativus absolutus*) í latínu (sjá frekari umfjöllun í kafla 2.2). Sjálfstæði forsetningarliðurinn í (9) samsvarar latneska aukafallsliðnum *deo auxiliante* 'þegar guð hjálpar' (sbr. Cleasby og Vigfússon 1874:647). Hins vegar kemur þessi setningagerð einnig fyrir í textum sem eru að öðru leyti ekki dæmigerðir fyrir lærðan stíl, t.d. eddukvæðum, innlendum lögbókum og frásagn-

artextum eins og Heimskringlu (Nygaard 1905:238).

(10) Ok er byskup spyrr þat, sá er þar réð fyrir, hittir hann konung ok spyrr, ef þat er satt, at hann vill kvángast [at lifandi dróttningunni].
'... að hann vill kvongast á meðan drottningin er lifandi.' (Heimskringla 700, 31)

Með hliðsjón af ofansögðu verður SFL að teljast „upprunaleg" fornnorræn setningagerð (Þórhallur Eyþórsson 1995:156 o.áfr., 1997) þó að notkun hans hafi ef til vill styrkst, ef svo má segja, í þýðingum úr latínu og lærðum textum sem skrifaðir eru undir áhrifum frá þeirri tungu. Þess má geta að sjaldgæf tilvik um sjálfstæða aukafallsliði án forsetningar koma fyrir í fornnorrænu, einkum í trúartextum (11).

(11) Þá má **hvárki** þeira sér til forræði leita [báðum **þeim** lifandum].
'Þá má hvorugt þeirra leita sér til forræðis á meðan bæði eru lifandi.'
(Eiðsifaþingslög, Kristinn réttr hinn forni 22, Nygaard 1905:128)

Skortur á forsetningum í þessum formgerðum bendir sterklega til þess að þær séu myndaðar eftir sjálfstæðum aukafallsliðum í latnesku frumtextunum.

Hér hefur komið fram að SFL er forn setningagerð í íslensku. Í kafla 2.2. verða skoðaðar sambærilegar setningagerðir í nokkrum skyldum tungumálum, bæði innan og utan germönsku málafjölskyldunnar.

2.2 Sambærilegar setningagerðir í skyldum málum

Sjálfstæðar setningagerðir með lýsingarháttum, aðallega án forsetningar, koma fyrir í eldri indóevrópskum málum, t.d. latínu (lat. *ablativus absolutus* 'sjálfstæður sviptifallsliður'), forngrísku (sjálfstæður eignarfallsliður), fornkirkjuslavnesku (sjálfstæður þágufallsliður) og fornindversku, þ.e. í vedískri sanskrít (sjálfstæður staðarfallsliður o.fl.). Rétt eins og í fornnorrænu er lýsingarhátturinn sambeygður nafnliðnum í þessum málum (sbr. latneska hugtakið *participium coniunctum* eða lýsingarháttur þátíðar sem samræmist hliðstæðum nafnlið). Því hefur verið haldið fram með gildum rökum að rætur þessa fyrirbæris liggi aftur í frumindóevrópsku (Ruppel 2013).

Dæmið í (12a) sýnir sjálfstæðan sviptifallslið í latínu og (12b) sjálfstæðan eignarfallslið í grísku (sjá Þórhall Eyþórsson 1995:156 o.áfr., Ruppel 2013:7). Bæði eru dæmin með lýsingarhætti nútíðar og samsvara alveg norræna orðalaginu *að upprennandi sólu*, að undanskilinni forsetningunni sem ekki er að finna í þessari setningagerð í klassísku málunum. Loks sýnir dæmið í (12c) sjálfstæðan sviptifallslið með lýsingarhætti þátíðar í latínu (Ruppel 2013:1).

(12) a. [sole oriente]
sól.abl rísa.lh.nt.abl.
'þegar sól er/var að rísa'
b. [hēliou anateilontos]
sól.ef. rísa.lh.nt.ef.
'þegar sól er/var að rísa'
c. [his confectis rebus]
þessir.abl útkljá.lh.þt.abl. hlutir.abl.
'þegar þessir hlutir höfðu verið útkljáðir'

Því má skjóta inn hér að í indóevrópskum fornmálum eru líka til setningagerðir með forsetningu. Þar á meðal er *ab urbe condita*-setningagerðin í latínu ('frá stofnun borgarinnar') (Ruppel 2013:27) sem á sér hliðstæður í öðrum indóevrópskum málum, einkum forngrísku.

(13) [ab urbe condita]
af borg.abl stofna.lh.þt.abl
'frá því að borgin var stofnuð, frá stofnun borgarinnar'

Þótt þessi setningagerð sé merkingarlega nokkuð frábrugðin SFL í fornnorrænu og samsvarandi forsetningarlausum formgerðum í öðrum tungumálum er hún áhugaverð vegna þess að forsetning (lat. *ab* 'frá') stjórnar sviptifalli (*ablativus*) á nafnlið og lýsingarhætti þátíðar sem samræmist honum; í nefnifalli merkir lat. *urbs condita* bókstaflega 'borg(in) stofnuð'.

Auk fornnorrænu er SFL einnig að finna í öðrum forngermönskum málum: austurgermönsku (gotnesku) og vesturgermönsku (fornháþýsku, fornfrísnesku og fornensku). Sérstaklega er athyglisvert að í gotnesku er til nákvæm hliðstæða við Tegund 1 þar sem lýsingarháttur nútíðar stendur með forsetningunni *at* (sem orðsifjafræðilega er sama orð og forsetningin *at* í fornnorrænu og *að* í nútímaíslensku). Þessi formgerð kemur fyrir bæði með þágufalli og þolfalli. Eftirfarandi

dæmi sýna þessa setningagerð með nafnlið í þágufalli (Þórhallur Eyþórsson 1995:159).

(14) [at sunnin þan urrinnandin]
að sól.þgf þá rísa.lh.nt.þgf.
'þegar sól er/var að rísa' (Mk 4:6)

(15) [at urrinnandin sunnin]
að rísa.lh.nt.þgf. sól.þgf.
'þegar sól er/var að rísa' (Mk 16:2)

(16) [at wisandin kindina Swriais Kureinaiau]
að vera.lh.nt.þgf. landstjóri.þgf. Sýrland.ef Kýrenius.þgf.
'þegar Kýrenius er/var landstjóri á Sýrlandi' (Lk 2:2)

SFL kemur aðeins einu sinni fyrir í gotnesku með nafnlið í þolfalli og lýsingarhætti nútíðar (Þórhallur Eyþórsson 1995:159).

(17) [at maurgin þan waurþanana]
að morgunn.þf. þá verða.lh.nt.þf
'þegar morgnaði/morgnar' (Mt 27:1)

Þrátt fyrir að SFL sé notaður í dæminu í (17) til að þýða sambærilega setningagerð í grísku, þ.e. sjálfstæðan eignarfallslið, sýnir forsetningin *at* sem og hliðstæðan í fornnorrænu og íslensku að setningagerðin hlýtur að vera upprunaleg gotneska. Á hinn bóginn eru engin dæmi um Tegund 2 með lýsingarhætti þátíðar í gotnesku. Það bendir til þess að annaðhvort hafi þessi tegund verið nýjung í fornnorrænu eða að gotneska hafi glatað setningagerð sem hún hafði áður. Miðað við hliðstæðar setningagerðir með lýsingarhætti þátíðar í fjarskyldari tungumálum (t.d. latínu og grísku) virðist seinni möguleikinn líklegri.

Fornvesturgermönsku tungumálin, fornháþýska, fornfrísneska og fornenska, hafa sömu setningagerð þótt þau noti aðra forsetningu (*be/bi* 'að, hjá, með'). Að því er virðist eru aðeins heimildir um lýsingarhátt nútíðar með þágufallsnafnliðum í fornvesturgermönsku (sbr. Þórhallur Eyþórsson 1995:162, með tilvísun í Behaghel 1928).

(18) [bi sinemu fateru lebendemu]
hjá sinn.þgf. faðir.þgf lifa.lh.nt.þgf.
'á meðan faðir hans er/var lifandi' (fornháþýska)

(19) [bi slepandere thiade]
hjá sofa.lh.nt.þgf. þjóð.þgf.
'á meðan fólkið sefur/svaf' (fornsaxneska)

(20) [be þe lifigendum]
hjá þú.þgf. lifandi.lh.nt.þgf.
'á meðan þú ert/varst lifandi' (fornenska)

Sú staðreynd að fornnorræna og gotneska notast báðar við *at* í SFL en fornvesturgermönsk mál hafa annað orð (*be/bi*) er áhugavert smáatriði sem gæti skipt máli fyrir mállýskuskiptingu í forngermönsku. Ólíklegt er að gotneska og fornnorræna hafi haft áhrif hvor á aðra á sögulegum tímum og því er sennilegt að forsetningin *at* sé sameiginlegur forn arfur í gotnesku og fornnorrænu. Forsetningin *be/bi* væri þá hugsanlega nýjung í vesturgermönsku þar sem önnur orðmynd hefur komið í stað hinnar upprunalegu myndar *at*. Loks má nefna að í gotnesku og fornvesturgermönskum málum eru einnig dæmi um sjálfstæðar setningagerðir án forsetningar, líkt og í fornnorrænu. Þau eru mjög líklega til komin vegna erlendra áhrifa og í gotnesku eru áhrifin fyrst og fremst úr grísku en í vesturgermönsku úr latínu.

Í þessum kafla höfum við stuttlega rakið sögu SFL í fornnorrænu og fjallað um sambærilegar setningagerðir í nokkrum skyldum tungumálum, bæði innan og utan germönsku málafjölskyldunnar. Ljóst er að SFL er upprunaleg fornnorræn setningagerð sem er ekki fengin að láni úr erlendum tungumálum, þótt notkun hans hafi ef til vill styrkst í þýðingum úr latínu og lærðum textum sem skrifaðir eru undir áhrifum frá þeirri tungu. Í kaflanum sögðum við einnig frá því hvernig SFL í fornmáli er frábrugðinn setningagerðinni í nútímaíslensku en lýsing og greining á henni er einmitt viðfangsefni næsta kafla.

3 Greining á SFL í íslensku nútímamáli

Eins og áður segir kemur sjálfstæður forsetningarliður með lýsingarhætti (SFL) enn fyrir í nútímaíslensku, rétt eins og í fornnorrænu, þótt útbreiðsla hans kunni að hafa breyst að einhverju leyti í tímans rás. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að Tegund 1 af SFL með lýsingarhætti nútíðar sé sjaldgæfari í nútímaíslensku en Tegund 2. SFL með lýsingarhætti þátíðar er hins vegar tiltölulega

algengur og má jafnvel segja að hann hafi töluverða virkni.[3] Í nútímamáli kemur aðeins þágufall fyrir í þessari setningagerð, bæði með lýsingarhætti nútíðar og þátíðar; hins vegar er svo að sjá að þolfall, sem áður gat kom fyrir með lýsingarhætti þátíðar, sé horfið. Í næstu undirköflum rýnum við nánar í hverja tegund SFL fyrir sig og eðli setningagerðarinnar í íslensku nútímamáli.

3.1 Tegund 1 í íslensku nútímamáli

SFL af Tegund 1 birtist með lýsingarhætti nútíðar af sögnum í germynd sem geta ýmist verið áhrifslausar (21) eða áhrifssagnir (22).

(21) Þegar líður að kosningum líta stjórnmálamenn einatt yfir farinn veg og tíunda hverju hafi verið áorkað [að líðandi kjörtímabili].

(22) Það er auðvitað oft þannig að hagsmunaaðilar koma að vinnu við gerð frumvarpsdraga en þá er það gert [að öllum sjáandi], til dæmis með skipan nefndar um gerð slíkra draga þar sem helstu hagsmunaaðilar eiga fulltrúa.

Þó að þessi setningagerð sé möguleg með lýsingarháttum áhrifssagna, sem virðast vera algengari í þessari setningagerð en áhrifslausar sagnir, leyfir hún ekki að andlagið sé með í formgerðinni, eins og sést af muninum á (23a) og (23b).

(23) a. Nemandinn svindlaði á prófinu [að kennaranum vitandi].
b. *Nemandinn svindlaði á prófinu [að kennaranum vitandi það].

Þetta þýðir að setningagerðin er aðeins möguleg með áhrifslausum sögnum og með áhrifssögnum sem notaðar eru eins og áhrifslausar sagnir. Í þessu samhengi er vert að taka fram að Tegund 1 leyfir aðeins sagnir sem hafa þema- eða skynjendafrumlög, eins og sagnirnar í dæmum (21)–(23).

Nokkrar sagnir koma aðeins fyrir í lýsingarhætti nútíðar, til dæmis forskeyttu lýsingarhættirnir *fjarverandi*, *viðverandi* og *ásjáandi*. Með öðr-

[3] Nýleg rannsókn höfunda á sögulegri þróun SFL bendir reyndar til þess að Tegund 1 hafi alltaf verið sjaldgæfari en Tegund 2 (sjá Ingunni Hreinberg Indriðadóttur og Þórhall Eyþórsson 2024).

um orðum, utan lýsingarháttar nútíðar eru sagnir á borð við **fjarvera*, **viðvera* og **ásjá* ekki til. Athyglisvert er að slíkir lýsingarhættir geta einnig komið fyrir í SFL, eins og í dæmunum í (24).

(24) a. ... svo undarlega vill hann hallast, þegar um hann er ráðið [að okkur fjarverandi].
b. ... að blanda mér fyrst í þá umræðu núna [að honum viðverandi].
c. ... sem drápu ísraelsk hjón ... [að ásjáandi fjórum börnum þeirra] ...

Þar sem lýsingarhættir gegna hér í raun hlutverki lýsingarorðs geta þeir í flestum tilvikum einnig verið einkunnir og sagnfyllingar. Til marks um það eru eftirfarandi dæmi sem sýna notkun lýsingarháttar nútíðar sem einkunnar (25) og sagnfyllingar (26).

(25) **Ásjáandi** börn hágrátandi.

(26) Brotist inn á meðan íbúar voru **fjarverandi** í páskafríi.

Þótt Tegund 1 sé fremur óalgeng í nútímaíslensku og hafi takmarkaða virkni er hún enn notuð. Notkunarsvið hennar er fyrst og fremst bundið við formlegar málaðstæður þótt reyndar komi hún fyrir í óformlegu máli, eins og rætt verður í kafla 3.3. Öllu algengari og virkari er Tegund 2 sem nú verður vikið að.

3.2 Tegund 2 í íslensku nútímamáli

Eins og við höfum sýnt fram á samanstendur Tegund 2 af tveim undirtegundum. Lýsingarhættir þátíðar af Tegund 2a eru myndaðir af áhrifslausum sögnum sem alltaf eru í germynd. Á meðal sagna sem geta komið fyrir í þessari tegund SFL í nútímaíslensku eru *líða*, *koma*, *fara* og *deyja*. Slíkar áhrifslausar sagnir taka jafnan með sér þemafrumlög og teljast til svokallaðra þolfallsleysissagna (e. *unaccusative verbs*) sem merkja oftast hreyfingu eða breytingu, t.d. á stað eða ástandi (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2007:574, 586).

(27) a. Þeir félagar lögðu af stað [að liðinni fullbirtu].
b. [Að honum komnum] verða fjórir nýlegir og góðir bátar hér á Patreksfirði.
c. Það fer vagn kl 10:03 en [að honum förnum] þarf að bíða í heilar 4 klukkustundir.

d. ... og (ég) vona [að mér dánum], að verk mín verði þjóðinni til skemmtunar.

Lýsingarhættir þátíðar af Tegund 2b eru myndaðir af þolmynd áhrifssagna.

(28) a. ... og á erfitt með að slíta sig þaðan fyrr en [að lesinni síðustu blaðsíðu].
b. Ég er sammála því, [að fenginni mikilli reynslu] ... að innilokun í fangelsi er vond.

Það virðist vera skilyrði fyrir Tegund 2b að undirliggjandi gerandi í SFL samsvari frumlaginu í móðursetningu. Þannig er sá sem les síðustu blaðsíðuna í (28a) væntanlega sá sami og á erfitt með að slíta sig frá þeim stað sem um ræðir. Á sama hátt liggur beint við að sá sem segist hafa fengið mikla reynslu í (28b) sé sá sami og mælandinn sem lýsir sig sammála fullyrðingunni um að innilokun í fangelsi sé vond. Andstæðuparið í (29) skýrir þetta enn frekar. Í (29a) samsvarar ósýnilegur gerandi í SFL (t.d. kennari eða prófdómari) frumlaginu í móðursetningunni og dæmið er málfræðilega tækt. Hins vegar samsvarar undirliggjandi gerandi SFL í (29b) ekki frumlaginu í móðursetningunni (þ.e. sá sem athugaði málið er væntanlega ekki sá sami og féll á prófinu) og þar af leiðandi er setningin að okkar dómi vafasöm.

(29) a. [Að málinu athuguðu] var nemandinn felldur á prófinu.
b. ?[Að málinu athuguðu] féll nemandinn á prófinu.

Þar að auki finnst að minnsta kosti sumum málhöfum sem við höfum fengið dóma hjá að hægt sé að hafa geranda í *af*-lið í SFL-setningu, eins og í (30), þó að mörgum þyki slíkar setningar ekki tækar (% táknar hér breytileika í mati málhafa á þessari setningu.)[4]

(30) % [Að málinu athuguðu **af kennaranum**] var nemandinn felldur á prófinu.

Eins og nefnt var í upphafi samsvarar málfræðihlutverk nafnliðarins í SFL annaðhvort frumlagi í germyndarsetningu með persónubeygðri sögn (Tegund 1 og 2a) eða frumlagi í þolmyndarsetningu með persónubeygðri sögn (Tegund 2b). Lýsingarhátturinn hefur hlutverk lýs-

[4] Setningarnar í (29) og (30) voru aðeins metnar af fimm málhöfum svo að dómarnir eru ekki áreiðanlegir. Niðurstöður þessarar óformlegu könnunar sýna þó að ástæða er til að kanna þetta atriði betur.

ingarorðs sem ákvarðar nafnliðinn, en setningafræðileg hegðun hans er öðruvísi en hjá hefðbundnum lýsingarorðum sem lýsa varanlegum eiginleikum nafnorðsins, t.d. *blár* eða *leiðinlegur*. Eins og sjá má af ótæku dæmunum í (31) geta svona lýsingarorð ekki komið fyrir í SFL.

(31) a. *[Að bláum himninum] fórum við í fjallgöngu.
b. *[Að sumrinu leiðinlegu] flaug ég til útlanda.

Með hliðsjón af framansögðu leggjum við til að í SFL myndi nafnliður og lýsingarháttur saman smásetningu (e. *small clause*) sem samanstendur af frumlagsnafnlið og sögn í fallhætti (3.5); setningagerðina skortir tíðarþátt eins og birtist í því að SFL er hlutlaus með tilliti til tíðar, eins og áður hefur komið fram (sjá nánar 3.6). Fall nafnliðarins og lýsingarháttarins stjórnast af forsetningunni *að* sem úthlutar falli en er ekki tíðaraukatenging. Þannig samsvarar SFL formgerðum í öðrum indóevrópskum málum sem hefjast ekki á forsetningu, t.d. sjálfstæðum sviptifallslið (lat. *ablativus absolutus*) í latínu og áþekkum setningagerðum með aukafallslið í öðrum málum (sbr. 2.2).

Við víkjum nú að innri gerð SFL í nútímaíslensku og byrjum á notkunarsviði hans og virkni (3.3) en því næst ræðum við um orðaröð í honum (3.4).

3.3 Notkunarsvið og virkni SFL

Hér að framan hafa verið sýnd dæmi um SFL sem koma fyrir við fremur formlegar málaðstæður, t.d. í blaðagreinum, fréttatextum og fyrirsögnum. Það kemur ekki á óvart að SFL sé almennt settur í samband við formlegt málsnið enda líklegt að málhafar tengi við hann orðasambönd sem eru gömul í málinu, eins og *að svo mæltu*. Þar af leiðandi geta málhafar kannski ályktað að SFL sé almennt einkennandi fyrir formlegt mál. Þótt notkunarsvið SFL sé fyrst og fremst bundið við formlegt málsnið finnast engu að síður dæmi um setningagerðina við óformlegri málaðstæður, t.d. í bloggfærslum og í athugasemdum á umræðuþráðum og samfélagsmiðlum eins og í dæmum (32) og (33).

(32) Ég pissaði á prófið [að honum vitandi] og leyfði honum að kíkja fyrst :)

(33) [Að slepptu tjillinu] þá er hann búinn að læra grundvallaratriði samskipta.

Þetta bendir til þess að SFL hafi ákveðna virkni í nútímaíslensku eins og sést á því að hægt er að nota ný orð í setningagerðinni sem ekki komu fyrir í henni áður, sbr. nafnorðið *tjill* dæmi (33). Af þessu er ljóst að SFL er ekki bundinn við föst orðasambönd, heldur er setningagerðin virk og hægt er að nota hana við ólíkar málaðstæður þótt hún sé algengust í formlegu málsniði. Líklega hefur SFL alltaf verið virkur að einhverju leyti og leyft ýmsar sagnir innan þeirra takmarka sem lýst hefur verið í þessum kafla þótt setningagerðin hafi aldrei náð mikilli útbreiðslu.

3.4 Orðaröð í SFL

Eins og dæmin í þessum kafla sýna leyfir SFL ákveðinn breytileika í orðaröð innan liðarins. Í dæmi (34a) birtist nafnorðið á undan lýsingarhættinum en í (34b) fer nafnorðið á eftir lýsingarhættinum í sams konar lið.

(34) a. Dýrin makast og verpa [að **vetri** liðnum] og ungviði fer að sjást strax í maí og er á ferli allt sumarið.
b. Þó að nú sé Mörsugur og Þorrinn á næsta leiti, þá hlýtur að koma vor [að liðnum **vetri**]?

Breytileikinn er leyfilegur þegar forsetningarliðurinn inniheldur nafnorð og lýsingarhátt en ekki þegar nafnliðurinn í SFL er fornafn eða einfaldur magnliður, eins og sést t.d. í dæmum (35b,d). Fornöfn og einfaldir magnliðir verða alltaf að fara á undan lýsingarhættinum (35a,b).

(35) a. [að **honum** látnum]
b. *[að látnum **honum**]
c. [að **öllum** sjáandi]
d. *[að sjáandi **öllum**]

Þetta þarf kannski ekki að koma á óvart enda er algengt að fornöfn og magnliðir fylgi ekki sömu reglum um orðaröð og annars konar nafnliðir í íslenskri setningagerð (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2007:31–37). Reglur um orðaröð innan SFL virðast ekki hafa breyst í aldanna rás, ef marka má dæmin sem sýnd hafa verið í þessari grein (dæmi (3), (6d,e), (24a,b) og (27b,c,d)).

3.5 SFL sem smásetning

Í þessum undirkafla skoðum við innri gerð SFL og færum ýmis rök fyrir greiningu okkar á setningagerðinni sem smásetningu. Til að byrja með getum við litið á stöðu nafnliðarins gagnvart lýsingarhættinum innan SFL; þessir liðir virðast vera í sagnfyllingarsambandi frekar en að standa innan eins nafnliðar. Þannig samsvarar lýsingarhátturinn í (36b) sagnfyllingunni í (36a).

(36) a. Hann er látinn.
b. [Að honum látnum].

Lýsingarhátturinn getur ekki staðið innan nafnliðarins enda geta ákvæðisorð almennt ekki staðið með persónufornöfnum innan nafnliðar, eins og sýnt er í dæmunum í (37):

(37) a. *[Látni hann].
b. *[Látinn hann].

Sömuleiðis mætti búast við veikri beygingu lýsingarháttarins ef hann stæði innan nafnliðarins og þar af leiðandi væri beygingarsamræmi milli hans og nafnorðsins í (38):

(38) a. [Að manninum látnum].
b. * [Að [manninum látna]].

Enn fremur má skoða kynjasamræmi, eða öllu heldur kynjamisræmi, milli nafnliðarins og lýsingarháttarins. Kynjamisræmi eins og í (39a) kemur aðeins fram þar sem lýsingarhátturinn eða lýsingarorðið er sagnfylling. Þetta gengur ekki í (39b), þar sem lýsingarorðið er ákvæðisorð innan nafnliðarins. Hins vegar er það ekki jafnljóst í (39c), þar sem lýsingarhátturinn er innan SFL:

(39) a. Læknirinn er góð.
b. *Góð læknir.
c. ?[Að lækninum látinni].

Af dæmunum í (36b), (37b) og (38b) er að ráða að sagnfyllingarsamband lýsingarháttarins og nafnliðarins sé ótvírætt og það styður þá tilgátu að SFL sé smásetning; hins vegar er það óljóst í (39c) þótt við höfum reyndar fundið slík dæmi á netinu (t.d. *að sóknaraðila undanskilinni*). Frumlagseðli nafnliðarins er svo hægt að kanna frekar

með frumlagsprófum, t.d. afturbeygingu, eins og gert verður hér á eftir.

Í SFL af Tegund 1 með lýsingarhætti nútíðar vísar afturbeygt fornafn til frumlags í móðursetningu. Að okkar dómi virðist miklu síður vera unnt að nota fornafn í staðinn, eins og fram kemur í (40).

(40) **Hann** lofaði þessu [að **sér**/***honum** heilum og lifandi].

Dæmið í (40) samsvarar atvikssetningu með sögn í persónuhætti, eins og sýnt er í (41a) þar sem ekki gengur að hafa afturbeygt fornafn. Þar sem afturbeygða fornafnið er ekki til í nefnifalli mætti ætla að það væri ástæðan fyrir því að (41a) er ótæk setning. Það er þó ekki það eina sem skiptir máli hér, eins og sést á því að afturbeygða eignarfornafnið *sinn* gengur að okkar mati ekki heldur í sambærilegum atvikssetningum, t.d. þeirri sem sýnd er í (41b).

(41) a. **Hann** lofaði þessu [ef **hann** (***sig**, **sér**, **sín**) yrði heill og lifandi].

b. **Hann** lofaði þessu [ef pabbi **hans**/??**sinn** yrði heill og lifandi].

Sú staðreynd að dæmið í (41b) er mjög vafasamt með afturbeygðu eignarfornafni en tækt með persónufornafni er í samræmi við þá viðteknu skoðun að afturbeyging getur venjulega ekki vísað yfir atvikstengingu til frumlags aðalsetningar (t.d. Eiríkur Rögnvaldsson 2019). Þess má geta að þetta atriði rennir frekari stoðum undir áðurnefnda greiningu höfunda á SFL sem forsetningarlið þar sem *að* er augljóslega forsetning en ekki tíðaraukatenging.

Í SFL af Tegund 2a með lýsingarhætti þátíðar af germyndarsögn vísar afturbeygt fornafn í frumlag í móðursetningu, eins og í dæminu í (42).

(42) ... þá eigi **menn** líka að vera reiðubúnir að gefa lífið færi [að **sér** látnum].

Venjuleg fornöfn í SFL í þessari setningagerð geta vísað til frumlags, t.d. ef vísunin er ekki innan sömu málsgreinar, eins og í (43) þar sem *og að þeim látnum* er innskotssetning.

(43) T.d. að einungis **skjólstæðingar** lögmanna, og [að **þeim** látnum] afkomendur, mega fá gögn um mál viðkomandi ...

Fornöfn koma líka fyrir í SFL af þessari tegund þar sem ekki er vísað í frumlag í móðursetningu; í dæminu í (44) vísar fornafnið í innskotssetningunni í eignarfallseinkunnina *einstaklings* sem ákvarðar nafnorðið *samþykki* í móðursetningunni.

(44) Nú liggur fyrir samþykki **einstaklings** og má þá, [að **honum** látnum], nema brott líffæri eða lífræn efni úr líkama hans.

Valkvætt virðist vera hvort notað er afturbeygt eignarfornafn eða venjulegt (eignar)fornafn í SFL af Tegund 2a, eins og kemur fram í (45). Í samsvarandi atvikssetningu (46) er að okkar dómi ótækt að nota afturbeygt eignarfornafn.

(45) **Hann** tók við búinu [að föður **sínum**/**hans** látnum].

(46) **Hann** tók við búinu [eftir að faðir **hans** /***sinn** var látinn].

Að því er snertir Tegund 2b af þolmyndarsögnum hafa ekki fundist dæmi um afturbeygt persónufornafn þar. Hins vegar koma afturbeygð eignarfornöfn fyrir í slíkri setningagerð, eins og sýnt er í (47), þar sem vísað er til frumlags í móðursetningu.

(47) Hafi **eigandi** efnt sameiginlega fjárskuldbindingu þá eignast **hann** endurkröfurétt á hendur húsfélaginu eða öðrum eigendum í hlutfalli við hlutdeild þeirra í viðkomandi kostnaði, allt [að frádregnum hluta **sínum**].

Venjulegt eignarfornafn er notað þegar ekki er vísað til frumlags heldur t.d. andlags eða eignarfallseinkunnar eins og í (48a,b).

(48) a. Í janúar var ég í meginatriðum sammála **Steingrími** og er það enn [að frádregnum pólitískum upphrópunum **hans**].

b. Var launakrafa **þjálfarans** tekin til greina [að frádregnum tekjum **hans**] á sama tímabili.

Dæmin í (47) og (48) samsvara atvikssetningum með persónubeygðri sögn í þolmynd, t.d. dæmunum í (49) og (50).

(49) ... þegar stjórnunarkostnaður **hennar** hefur verið dreginn frá.

(50) a. ... þegar pólitískar upphrópanir **hans** hafa verið dregnar frá.
b. ... þegar tekjur **hans** hafa verið dregnar frá.

Með tilliti til þess sem hér hefur verið rakið má varpa þeirri spurningu fram hvort afturbeyging gefi vísbendingu um málfræðihlutverk nafnliða í SFL, þ.e. hvort þeir séu frumlög eða andlög. Sú staðreynd að afturbeygð fornöfn virðast skyldubundin í SFL af Tegund 1 kynni að benda til frumlagseðlis nafnliðarins þar. Enn fremur mætti ætla að sú staðreynd að afturbeygð eignarfornöfn virðast algengari en venjuleg (eignar)fornöfn í SFL af Tegund 2 þar sem vísað er til frumlags móðursetningar gæfi vísbendingu um frumlagseðli nafnliðanna. Þó er rétt að leggja á það áherslu að afturbeyging í SFL er allsendis ekki ótvírætt frumlagspróf. Ástæðan er sú að í íslensku vísa afturbeygð fornöfn ekki aðeins í frumlög heldur geta líka vísað í andlög. Dæmið í (51) er frá Höskuldi Þráinssyni (2007:464):

(51) Ég sendi **Ólafi** nýjan einkennisbúning á **sig/hann**.

Niðurstaðan er þá sú að afturbeyging bendir til þess að nafnliðurinn í SFL samsvari frekar frumlagi en andlagi. Rökin eru þó ekki óyggjandi þar sem afturbeyging er venjulega talin til marks um tiltekið málfræðihlutverk nafnliðar sem vísað er til frekar en vísandi liðar (t.d. Höskuldur Þráinsson 2007:461 o.áfr.).

Í lokin á þessari umræðu minnum við á að í sumum tilvikum virðist vera frjálst val á milli þess að hafa nafnlið með eða ekki í SFL af Tegund 2b, t.d. *að **því** búnu/mæltu* eða *að **svo** búnu/mæltu*. Eins og áður var nefnt (2.1) er þetta skiljanlegt í ljósi þess að þessi setningagerð samsvarar þolmyndarsetningum sem geta ýmist komið fyrir með frumlagsnafnlið eða með ósögðu frumlagi (t.d. *Það* (þ.e. *eitthvað*) *er mælt – Svo er mælt*). Þar með kann þetta atriði að styðja frumlagstúlkun nafnliðarins í SFL, en það krefst þó nánari skoðunar. Við skiljum þessa umræðu um rök fyrir hugsanlegu frumlagseðli nafnliðarins eftir án afgerandi niðurstöðu og snúum okkur loks að athugun á ytri gerð SFL með tilliti til tíðar og horfs.

3.6 Tíð og horf í SFL

Sú staðreynd að SFL er notaður sem tíðaraukasetning sýnir að lýsingarhátturinn hefur hlutverk sagnorðs. SFL er sjálfur hlutlaus með

tilliti til tíðar, eins og dæmi (52)–(54) gefa til kynna; tíðasamband (e. *temporal relation*) verknaðanna/athafnanna tveggja ræðst af tíð sagnar í móðursetningu sem endurspeglar horf (e. *aspect*) setningarinnar (sjá umfjöllun Höskuldar Þráinssonar 2005:486–496 um verknaðargerðir sagna, horf og tíð).

(52) a. Bjarni mun ræna bankann [að öllum sjáandi].
b. Bjarni rændi bankann [að öllum sjáandi].
c. Bjarni rænir bankann [að öllum sjáandi].
d. Bjarni er að ræna bankann [að öllum sjáandi].

Eins og dæmin í (52) sýna virkar SFL af Tegund 1 gagnvart móðursetningunni óháð tíð hennar. Í (52a) hefur móðursetningin framtíðarmerkingu (*mun ræna*) en í (52b) þátíðarmerkingu. Dæmi (52c) hefur tvíræða merkingu enda mætti túlka sögnina sem endurtekinn verknað í nútíð ('Bjarni er alltaf að ræna bankann') eða sem stakan verknað í framtíð ('Bjarni rænir bankann á morgun'). Dæmi (52d) er í nútíð og í framvinduhorfi (*er að* + nh.) og SFL af Tegund 1 virkar einnig vel í því samhengi. Þetta stafar af því að Tegund 1 af SFL er í óloknu horfi, þ.e.a.s. hún lýsir athöfn eða ástandi sem hefur ekki tímabindingu og á sér stað á sama tíma og verknaðurinn/athöfnin í móðursetningunni, óháð tíð og horfi. Í (53) sjáum við samband Tegundar 2a við móðursetningu.

(53) a. Hann mun ferðast um allan heim [að föður sínum látnum].
b. Hann ferðaðist um allan heim [að föður sínum látnum].
c. Hann ferðast um allan heim [að föður sínum látnum].
d. ??Hann er að ferðast um allan heim [að föður sínum látnum].

Dæmi (53a) hefur framtíðarmerkingu (*mun ferðast*) og (53b) hefur þátíðarmerkingu (*ferðaðist*). Bæði dæmin eru eðlileg hvað varðar tíðarsamræmi við SFL enda er forsetningarliðurinn *að föður sínum látnum* tvímælalaust í loknu horfi, þ.e.a.s. atburðinum sem forsetningarliðurinn lýsir er lokið þegar verknaðurinn í móðursetningu á sér stað. Þetta gerir það að verkum að dæmi (53c) getur síður haft tvíræða merkingu en (52c). Ef sögnin hefur framtíðarmerkingu er útkoman eðlileg en ef verknaðurinn er túlkaður sem endurtekinn (**Hann ferðast alltaf um allan heim [að föður sínum látnum]*) gengur setningin ekki upp


merkingarlega; það skýrist líklega af því sem við vitum um heiminn, þ.e.a.s. að það er ólíklegt að faðir einhvers látist reglulega.

Dæmi (53d) gengur ekki heldur upp, en það er vegna þess að móðursetningin er í framvinduhorfi. Horfasamband (e. *aspectual relation*) lokna horfsins í forsetningarliðnum og framvinduhorfsins í móðursetningu er óeðlilegt og útkoman er því vafasöm. Dæmin í (54) skýra horfasambandið betur.

(54) a. Við munum skúra gólfið [að íhuguðu máli].
b. Við skúruðum gólfið [að íhuguðu máli].
c. Við skúrum gólfið [að íhuguðu máli].
d. ??Við erum að skúra gólfið [að íhuguðu máli].

Dæmi (54a) hefur framtíðarmerkingu og (54b) þátíðarmerkingu og útkoman er eðlileg. Forsetningarliðurinn *að íhuguðu máli* er í loknu horfi, rétt eins og var í (53b). Munurinn á dæmunum í (53) og (54) er sá að forsetningarliðurinn í (54) táknar atburð sem getur gerst reglulega, miðað við það sem við vitum um heiminn, ólíkt forsetningarliðnum í (53). Þetta gerir það að verkum að dæmi (54c) hefur tvíræða merkingu. Hvort sem sögnin hefur framtíðarmerkingu (‘Á morgun skúrum við gólfið [að íhuguðu máli]’) eða táknar endurtekinn atburð (‘Við skúrum alltaf gólfið [að íhuguðu máli]’) er útkoman eðlileg. Dæmi (54d) er í framvinduhorfi og eins og dæmi (53d) er það nánast ótækt. Verknaður í framvinduhorfi getur ekki komið í kjölfar lokna horfsins sem SFL táknar hér. Til þess að átta sig betur á horfasambandi verknaðarins í SFL (sem er táknaður hér með V2) og verknaðarins í móðursetningu (táknaður með V1) má skoða teikningarnar í (55)–(56).

(55) Bjarni rændi/rænir/er að ræna bankann$_{V1}$
[að öllum sjáandi]$_{V2}$



Eins og teikningin í (55) sýnir er um að ræða tvo verknaði/atburði (V1 og V2) sem gerast á sama tíma, óháð tíð og horfi móðursetningar, þ.e.a.s. hvort sem hún er í framvinduhorfi eða ekki. Í (56) sjáum við teikningar til skýringar dæmum (53) og (54).

(56) a. Hann mun ferðast/ferðast/ferðaðist um allan heim$_{V2}$
[að föður sínum látnum]$_{V1}$.



b. Við munum skúra/skúrum/skúruðum gólfið$_{V2}$
[að íhuguðu máli]$_{V1}$.



Eins og teikningarnar í (56) sýna skiptir ekki aðeins máli að V1 í SFL sé lokið áður en V2 í móðursetningunni hefst, heldur skiptir einmitt máli að V2 í móðursetningunni hafi upphafspunkt. Þess vegna getur einn verknaður fylgt öðrum í tímaröð. Ef setningin er í framvinduhorfi, eins og (53d) og (54d), þá er áherslan á það að verknaðurinn eigi sér stað á þessu augnabliki ('Hann er að ferðast **núna**', 'Við erum að skúra **núna**') og hann hefur hvorki upphafs- né endapunkt. Um þetta mætti fjalla nánar í mun lengra máli og reyndar þyrfti að kanna miklu betur ýmis fínni blæbrigði atriða sem tengjast horfi og verknaðargerðum (e. *lexical aspect* eða *aktionsart*) (Höskuldur Þráinsson 2005:486–496) í íslenskum setningum og horfasamböndum aðal- og aukasetninga. Það verkefni bíður frekari rannsókna.

4 Niðurstöður

Markmið okkar í þessari grein var einkum að setja fram greiningu á eðli, virkni og notkunarsviði sjálfstæðs forsetningarliðar með lýsingarhætti (SFL) í nútímamáli. Til að skilja betur stöðu SFL í nútímamáli röktum við þó fyrst í 2. kafla stuttlega sögu SFL í íslensku í samanburði við önnur mál þar sem svipaðar setningagerðir þekkjast. SFL hefur verið til í íslensku frá elstu tíð en hefur aldrei verið mjög algengur. Í nútímaíslensku kemur hann fyrir bæði í formlegu og óformlegu máli. Að vísu er Tegund 1 af SFL, með lýsingarhætti nútíðar, mjög takmörkuð enda bundin við frekar fáar áhrifslausar sagnir og áhrifssagnir sem notaðar eru áhrifslausar (þ.e. án andlags). Aftur á móti er Tegund 2, bæði 2a með germynd og 2b með þolmynd, algengari; hana er að mestu að finna í formlegu málsniði en hún er þó engan veginn óþekkt í óformlegu máli.

Í 3. kafla settum við fram ítarlega lýsingu og greiningu á SFL í nútímaíslensku þar sem fjallað var um tegundir setningagerðarinnar, notkunarsvið hennar, virkni og setningafræðileg einkenni. Við færðum rök fyrir skilgreiningu okkar á setningagerðinni sem smásetningu með því að kanna frumlagseðli nafnliðarins með frumlagsprófum. Einnig sýndum við fram á sagnfyllingarsamband nafnliðarins og lýsingarháttarins og loks fjölluðum við um eiginleika SFL með tilliti til tíðar og horfs. Í víðara samhengi virðist líklegt að einnig megi greina aukafallsliði án forsetningar í öðrum málum, t.d. sjálfstæðan sviptifallslið í latínu, sem smásetningar. Áhugavert væri að kanna það nánar, ekki síst með tilliti til sambands aukafallsliðarins við móðursetningu og þar af leiðandi hvort nafnliðurinn í þeim samsvarar andlagi eða frumlagi.

Ljóst er að í SFL úthlutar forsetningin *að* falli til nafnliðarins og lýsingarháttarins og hún er því ekki tíðaraukatenging. Engu að síður gegnir SFL hlutverki tíðaraukasetningar en er hlutlaus með tilliti til tíðar og við leggjum til að það sé vegna þess að hana skorti tíðarþátt. Við færum rök fyrir því að horf tengi verknaðina í SFL og móðursetningu, eins og fjallað var um í 3. kafla.

Helstu fræðilegu nýmælin í greininni eru þau að SFL sé smásetning (e. *small clause*) sem samanstendur af frumlagi og sögn í fallhætti. Rökin fyrir þeirri greiningu eru einkum staða nafnliðarins gagnvart lýsingarhættinum innan SFL sem virðist sýna sagnfyllingarsamband þessara liða. Einnig koma til álita beyging lýsingarháttarins og kynjamisræmi milli nafnliðarins og lýsingarháttarins. Rétt er að taka fram að erfitt er að finna sjálfstæð rök fyrir frumlagseðli nafnliðarins í SFL en afturbeyging styður þó þá tilgátu að hann samsvari frekar frumlagi en andlagi. Þrátt fyrir að hér hafi ýmislegt komið fram um SFL, eðli hans, virkni og notkunarsvið, sem ekki hefur verið fjallað ítarlega um áður teljum við að fjölmörg atriði sem tengjast honum séu enn ókönnuð (sjá þó Ingunni Hreinberg Indriðadóttur og Þórhall Eyþórsson 2024).

Heimildir

Behaghel, Otto. 1928. *Deutsche Syntax, eine geschichtliche Darstellung. III. Die Satzgebilde.* Heidelberg: Winter.

Cleasby, Richard og Guðbrandur Vigfússon. 1874. *An Icelandic-English Dictionary*. Oxford: Clarendon Press.

Eiríkur Rögnvaldsson. 2005. Setningafræðilegar breytingar í íslensku. Í: Höskuldur Þráinsson (ritstj.), *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga III, bls. 602– 635. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Eiríkur Rögnvaldsson. 2019. Pabbi sinn. https://uni.hi.is/eirikur/2019/09/13/pabbi-sinn/ (sótt í október 2024).

Faarlund, Jan Terje. 2005. *The syntax of Old Norse*. Oxford: Oxford University Press.

Höskuldur Þráinsson. 2007. *The syntax of Icelandic*. Cambridge: Cambridge University Press.

Ingunn Hreinberg Indriðadóttir og Þórhallur Eyþórsson. 2024. „Og að mér lifanda lifir enn hans hamingja." Rare syntactic phenomena in parsed historical corpora. Veggspjald, Digital Humanities in the Nordic and Baltic Countries (DHNB), Reykjavík, 27.–31. maí 2024.

Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslenzk setningafræði*. Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar.

Nygaard, Marius. 1896. Den lærde stil i den norrøne prosa. Í: *Sprogligh-historiske Studier tilegnede Professor C.R. Unger*, bls. 153–170. Kristiania: Aschehoug.

Nygaard, Marius. 1905. *Norrøn syntax*. Oslo: Aschehoug.

Ruppel, Antonia. 2013. *Absolute Constructions in Early Indo-European*. Cambridge: Cambridge University Press.

Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson. 1994. *Íslensk stílfræði*. Reykjavík: Mál og menning.

Þórhallur Eyþórsson. 1995. *Verbal Syntax in the Early Germanic Languages*. Doktorsritgerð, Cornell-háskóla.

Þórhallur Eyþórsson. 1997. „Að upprennandi sólu." Stílfræði eða setningafræði? Í: Anna Agnarsdóttir, Pétur Pétursson og Torfi H. Tulinius (ritstj.). *Milli mála. Maður, guð og menning í hnotskurn hugvísinda*, bls. 369–376. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Þórhallur Eyþórsson og Ingunn Hreinberg Indriðadóttir. 2018. The prepositional absolute construction in Icelandic. *Scandinavian Philology* 16(1):3–18.

Uppruni máldæma

Vefslóðir þær sem hér er vísað til voru síðast athugaðar í mars 2024.

(3): Bloggpóstur. 10.3.2013. http://gurmandisir.blogspot.com/2013/03/franskt-eggjabrau.html.
(21): Blaðagrein. 4.5.2022. https://skessuhorn.is/adsendar-greinar/stundum-tala-annarra-manna-verk-best.
(22): Blaðagrein. 13.4.2014. https://andriki.is/2014/04/13/helgarsprokid-13-april-2014/.
(24a): Blaðagrein. 7.4.1995. Vikublaðið/Jötunn, https://timarit.is/page/3638718#page/n1/mode/2up.
(24b): Ræða á Alþingi. 18.3.2016. https://www.althingi.is/altext/raeda/145/rad20160318T143442.html.
(24c): Bloggpóstur. 26.10.2015. https://jonvalurjensson.blog.is/blog/jonvalurjensson/entry/1741826/http://jonvalurjensson.blog.is/blog/jonvalurjensson/entry/2111163/.
(25): Blaðagrein. 7.9.2011. http://www.pressan.is/frettir/lesafrett/budarhnuplthartharfthrja-fullordna-karlmenn-til-ad-halda-einni-unglingsstelpu---asjandi-bornhagratandi.
(26): Blaðagrein. 7.4.2015. https://www.dv.is/pressan/Frettir/Lesafrett/brotist-inn-a-medan-ibuar-voru-fjarverandiipaskafrii.
(27a): Bloggpóstur. 1.10.2015. https://bardastrondblog.wordpress.com/2015/10/01/ganga-yfir-kleifaheidi/.
(27b): Tímaritsgrein. 4.9.1960. http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1041912.
(27c): Blaðagrein. 12.10.2010. https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1352187/.
(27d): Matthias Johannessen. 1999. *Við Kárahnjúka og önnur kennileiti – Helgispjall*. Árvakur hf. Reykjavík.
(28a): Blaðagrein. 28.6.2014. (http://www.visir.is/g/2014706289943/stulkurnar-fraromonsku-ameriku-hafa-vinninginn).
(28b): Blaðagrein. 7.1.2016. http://www.visir.is/g/2016160109173/-vid-eigumekki-ad-taka-mid-af-einhverjum-brjaludum-bloggurum-.
(32): Athugasemd á umræðuþræði Bland. 7.9.2009. https://bland.is/umraeda/ad-segja-maka-fra/15287038/.
(33): Athugasemd á Facebook. 23.2.2019.
(34a): Fræðipistill. 24.10.2022. https://www.ni.is/is/biota/animalia/arthropoda/hexapoda/insecta/hemiptera/rhyparochromidae/kragatita-rhyparochromus.
(34b): Fréttatilkynning. 10.1.2023. https://www.skeidgnup.is/is/moya/news/fyrsti-gaukur-arsins.
(42): Fræðslugrein. 22.9.2022. https://nyra.is/portfolio-item/um-liffaeragjafir/.
(43): Lagatexti. 28.11.2022. https://lmfi.is/lmfi/upplysingar-fyrir-logmenn/afhending-gagna-til-thjodskjalasafns.
(44): Lagatexti. 1.10.2010. https://www.althingi.is/lagas/138b/1991016.html.
(47): Lagatexti, 1.9.2023. https://lagasafn.hi.is/1994026.html.
(48a): Blaðagrein. 28.8.2009. https://timarit.is/page/5261144#page/n22/mode/2up.
(48b): Lagatexti. 3.11.2014. https://www.landslog.is/knattspyrnudeild-daemd-til-ad-greida-baetur/.

Lykilorð

sjálfstæður forsetningarliður með lýsingarhætti, smásetning, fall, horf, orðaröð

Keywords

prepositional absolute construction, small clause, case, aspect, word order

Abstract

The Prepositional Absolute Construction (PAC) is an underdescribed construction in Icelandic that has so far never been properly analyzed. Among the issues studied here are the history of this construction, its usage domain, productivity and syntactic role. Consideration is given to case marking and the grammatical function of the noun phrase, the properties of the participle, word order patterns and tense and mood relations within the PAC. We propose a categorization of PAC types depending on whether they contain a present or a past participle; the latter is divided into two subtypes depending on whether the verb is active or passive. The study reveals that the PAC is a productive construction in Icelandic, even though it has never been widespread. Mostly occurring in formal situations, the construction is not, however, limited to fixed phrases but is also found in informal registers. Syntactic analysis suggests that the PAC is a small clause containing a subject noun phrase alongside a present or past participle verb. Providing arguments for this analysis by means of subject tests, we also consider the position of the noun phrase relative to the participle within the PAC, which shows the predicative relations of these phrases. Finally, we demonstrate that the PAC functions as a temporal subclause that is neutral for tense, attributing this neutrality to the lack of a tense feature in this construction.

Ingunn Hreinberg Indriðadóttir
Deild faggreinakennslu
Háskóla Íslands
Enni
Stakkahlíð 1
IS-105 Reykjavík
ingunn@hi.is

Þórhallur Eyþórsson
Mála- og menningardeild
Háskóla Íslands
Veröld – Hús Vigdísar
Brynjólfsgötu 1
IS-107 Reykjavík
tolli@hi.is